

## **Fundargerð 52. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga**

Haldinn í fjarfundi og í fundarsal Vestfjarðastofu á Ísafirði þann 29. mars 2023 kl 12.00.

Mætt voru til fundar Jóhanna Ösp Einarasdóttir, formaður (fjarfundur), Lilja Magnúsdóttir (fjarfundur), Nanný Arna Guðmundsdóttir (fjarfundur), Kristján G Jóakimsson, Neil Shiran Þórisson (fjarfundur), Magnús Ingi Jónsson og Elísabet Gunnarsdóttir (fjarfundur). Forföll boðuð Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Aðalsteinn Egill Traustson og ekki tókst að boða varamenn í þeirra stað.

Fundinn sátu jafnframt Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri sem ritaði fundinn.

### **Dagskrá.**

#### **Fundur stjórnar Vestfjarðastofu**

1. Ársfundur Vestfjarðastofu – yfirskrift og efni
2. Stofnfundur Sóknaðshóps – yfirskrift og efni
3. Ný verkefni Vestfjarðastofu
4. Skýrsla framkvæmdastjóra

#### **Fundur stjórnar FV**

5. Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2022
6. Endurskoðuð fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2023
7. Samningar um stuðning C1 aðgerða Byggðaaáætlunar
  1. Samningar við Byggðastofnun
  2. Samningar um framkvæmd verkefna
8. C9 verkefni – Breiðafjörður - framvinda og staða
9. Staðfesting Strandsvæðaskipulags Vestfjarða
10. Fundargerðir til kynningar
  - a. Fundargerð 92. fundar stjórnar SSV 10. janúar 2023  
Fundargerð – 49. fundar stjórnar SSNE 1. mars 2023 -  
Fundargerð 787. stjórnarfundar SSS 8. mars 2023
  - b. Fundargerð 174. fundar stjórnar SSV 8. mars 2023
  - c. 593. stjórnarfundur SASS. 3. mars 2023  
137. fundur stjórnar Austurbrúar 24. febrúar 2023
11. Umsagnir:
  - a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
  - b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
  - c. Umsagnarbeiðnir
  - d. Umsagnir til skoðunar

Formaður kannaði með boðun fundarins og dagskrá. Engar athugasemdir komu fram og setti hún fundinn.

Formaður óskaði eftir að dagskrárliðir 1 og 2 verða ræddir í einu lagi tillagan samþykkt.

### **Fundur stjórnar Vestfjarðastofu**

#### **1. Ársfundur Vestfjarðastofu – yfirskrift og efni**

#### **2. Stofnfundur Sóknarhóps – yfirskrift og efni**

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið.

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu um ársfund 24. maí n.k. á Patreksfirði kl 12.00, fundinum yrði einnig streymt. Til máls tóku; Jóhanna, Elísabet og Lilja. Tillagan samþykkt.

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu um dagsetningu stofnfundar Sóknarhóps þann 2. maí n.k. kl 15.00. Fundurinn verði haldinn á starfstöðvum á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði en þeir tengdir í fjarfundi auk þess að vera í streymi.

#### **3. Ný verkefni Vestfjarðastofu**

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið

##### **a. Evrópuverkefni**

- i. Evrópuverkefni Recet – Life 2022, byggir á umsókn sem Vestfjarðastofa var aðili og var samþykkt nú í mars. Vinna við verkefnið hefst nú í haust.
- ii. MERSE – Norðurslóðaáætlun (NPA), byggir á umsókn sem Vestfjarðastofa var aðili að og var samþykkt nú í mars. Vinna við verkefnið hefst nú í haust.

Til máls tóku; Kristján, Elísabet og Jóhanna

##### **b. Verkefnisstjóri hringrásarhagkerfis**

- i. Framkvæmdastjóri kynnti viðræður við umhverfis, orku og loftlagsráðuneyti um verkefni á sviði hringrásarhagkerfis.

Framkvæmdastjóri kynnti að verkefnið kallar á að auglýsa yrði nýtt stöðugildi, til að sinna þessu verkefni og evrópuverkefnum sem kynnt voru í a lið hér að framan, en fjármögnun væri tryggð á grundvelli þessara verkefna.

Til máls tóku, Jóhanna, Elísabet, Lilja og Kristján.

Formaður bar upp tillögu um að framkvæmdastjóra verði falið að auglýsa starf verkefnisstjóra hringrásarhagkerfis.

Tillagan samþykkt samhljóða.

- ii. Svæðisáætlun í úrgangsmálum: Gert er ráð fyrir að verkefnisstjóri hringrásarhagkerfis hafi umsjón með gerð svæðisáætlunar í úrgangsmálum fyrir Vestfirði.

c. Miðlun og ímynd.

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega útfærslu á tillögu um miðlun efnis og ímynd Vestfjarða með vísan til umræðu á 51. stjórnarfundum. Í ljósi breytinga í starfsmannahaldi sé tækifæri að skoða breytingar á starfslýsingum og auka áherslu á miðlun af samfélagi og atvinnulífi á Vestfjörðum.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að auglýsa starf verkefnisstjóra sem hefði áherslu á sviði miðlunar, en hefði einnig hæfi til að sinna verkefnum er lúta að atvinnuráðgjöf.

Til máls tók; Jóhanna, Elísabet, Kristján, Lilja, Shiran

Formaður bar upp tillögu um að framkvæmdastjóra verði falið að auglýsa starf verkefnisstjóra á miðlunar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. **Skýrsla framkvæmdastjóra**

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu stjórnar.

Til máls tóku Jóhanna, Lilja og Elísabet.

Framkvæmdastjóri kynnti að lokum í skýrslu sinni að Agnes Arnardóttir, verkefnastjóri, hefði í síðasta mánuði óskað eftir að segja starfi sínu lausu með starfslokum í júní n.k..

Formaður tók til máls og þakkaði Agnesi fyrir hennar störf hjá Vestfjarðastofu og vinnu að málefnum Vestfjarða, sérstaklega er þakkað hennar starf sem verkefnastjóri verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar, en því verkefni lauk um síðustu áramót. Stjórn tekur undir þakkir til Agnesar og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Formaður tók að nýju til máls og óskaði verkefninu Bláma til hamingju með Hvatningaverðlaun Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) sem veitt voru á ársfundi samtakanna þann 24. mars s.l.. Stjórn tekur undir haminguóskir til Bláma og ötult starf starfsmanna verkefnisins.

Shiran, Kristján og Elísabet véku af fundi.

**Fundur stjórnar FV**

5. **Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2022**

Lögð fram tillaga að ársreikningi Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2022, tillaga að skýrslu stjórnar og kynnt áritun endurskoðanda.

Sviðsstjóri kynnti niðurstöður ársreiknings 2022; Rekstrartekjur nema kr 282.816.683,- aðrar tekjur kr 2.404.121,-, samtals kr 285.220.804,-. Rekstragjöld nema kr 283.824.504,-.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsgjöld og tekjur nema kr 1.396.300,-, nettó fjármagnstekjur nema kr 948.462,-. Rekstrarniðurstaða nemur kr 2.344.262,-.

Fastafjármunir nema kr 4.903.701,-, veltufjármunir kr 121.491.485,-, eignir alls kr 126.395.186,-.

Eigið fé kr 32.085.905,-. Langtímaskuld (Lífeyrisjóðskuldbinding) kr 8.329.842,-, skammtímaskuldir kr 85.979.439,-, skuldir alls kr 94.309.281,-, eigið fé og skuldir alls kr 126.395.186,-.

Með reikningum fylgja skýringar og rekstrarreikningar fyrir deildir. Vakin er athygli á að nú er lífeyrissjóðskuldbinding tilgreind í skuldum Fjórðungssambandsins.

Lögð fram fundargerð fjárhagsnefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 24. mars s.l. þar sem fjallað er um efni ársreiknings. Á fundinn mætti Margrét Högnadóttir, viðskiptafræðingur frá Endurskoðun Vestfjarða og kynnti hún að mat endurskoðanda að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag Fjórðungssambandsins fyrir árið 2022.

Niðurstaða fjárhagsnefndar er að vísa tillögu til stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um að samþykkja ársreikning fyrir árið 2022.

Formaður lagði fram tillögu um að stjórn staðfesti skýrslu stjórnar og ársreikning Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2022 og vísa ársreikningi til umfjöllunar 68. Fjórðungspings Vestfirðinga þann 12. apríl n.k..  
Tillagan samþykkt samhljóða

## **6. Endurskoðuð fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga 2023**

Lögð fram tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 ásamt greinargerð. Sviðsstjóri kynnti efni tillögunnar. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildartekjur hækki um 26,5 mkr frá fjárhagsáætlun 2023 og nemi 270,2 mkr og rekstrargjöld hækki um 31,4 mkr og nemi 265,4 mkr. Rekstarniðurstaða verði jákvæð er nemur 4.450 þkr og nemur þeirri fjárhæð sem var ofúthlutað í Uppbyggingarsjóði á árinu 2022 og kom þá til lækkunar á efnahagreikning en færist nú til baka. Með áætluninni fylgir greinargerð til skýringar á einstaka tekju og útgjaldaliðum og vísast til hennar. Sviðsstjóri kynnti að fjárhagsnefnd gerði þá tillögu til stjórnar að samþykkja endurskoðaða fjárhagsáætlun 2023.

Formaður lagði fram tillögu að stjórn staðfesti tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og vísa til umfjöllunar 68. Fjórðungspings Vestfirðinga þann 12. apríl n.k..  
Tillagan samþykkt samhljóða.

## **7. Samningar um stuðning C1 aðgerða Byggðaáætlunar**

### **1. Samningar við Byggðastofnun**

Lögð fram drög að þrem samningum Fjórðungssambands við Byggðastofnun, um viðauka við Sóknaráætlun Vestfjarða varðand eftirfarandi verkefni, með vísan til aðgerð C1 *Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða* í Byggðaáætlun

- Baskasetur alls kr 15.000.000,-
- Iðnaðar og þróunarsvæði á Drangnesi, alls kr 7.000.000,-
- Verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum (í samvinnu við SSV og SSNV), alls kr 21.600.000,-

Formaður lagði fram tillögu að framkvæmdastjóra verði falið að staðfesta framangreinda samninga við Byggðastofnun. Tillagan samþykkt samhljóða.

## 2. Samningar um framkvæmd verkefna

Lögð fram drög að samningum um framkvæmd verkefna fjármögnuð með C1 aðgerð Sértæk verkefni sóknaráætlunar

- Baskasetur ehf, uppbygging Baskaseturs, alls kr 15.000.000,-
- Kaldrananeshreppur, iðnaða og þróunarsvæði á Drangnesi, alls 7.000.000,-
- Samstarfssamningur Fjórðungssambands Vestfirðinga, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, alls kr 21.400.000,.

Formaður lagði fram tillögu að framkvæmdastjóra verði falið að staðfesta framangreinda samninga við framangreinda aðila. Tillagan samþykkt samhljóða.

## 8. C9 verkefni – Breiðafjörður - framvinda og staða

Aðalsteinn og Jóhanna kynntu stöðu verkefnisins og framhald þess á næstu vikum.

## 9. Staðfesting Strandsvæðaskipulags Vestfjarða

Lagt fram til kynningar að Strandsvæðaskipulag Vestfjarða hefur verið staðfest í Stjórnartíðindum þann 7. mars s.l., en innviðaráðherra staðfesti skipulagið í athöfn sem haldinn var í Sjóminjasafninu í Reykjavík, þann 2. mars s.l..

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fagnar þessum tímamótum en haustið 2008, samþykkti 53. Fjórðungsþing Vestfirðinga ályktun þar sem stjórnvöld eru hvött til að hefja gerð strandsvæðaskipulags fyrir Vestfirði.

## 10. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 92. fundar stjórnar SSNV 10. janúar 2023  
<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-92-fundar-stjornar-ssnv-15-mars-2023>
2. Fundargerð – 49. fundar stjórnar SSNE 1. mars 2023 -  
<https://www.ssne.is/static/files/Fundargerdir/StjornSSNE23/fundargerð-49-fundar-ssne.pdf>
3. Fundargerð 787. stjórnarfundar SSS 8. mars 2023  
<https://sss.is/blog/fundir/787-stjornarfundur-sss-8-mars-2023/>
4. Fundargerð 174. fundar stjórnar SSV 8. mars 2023  
<https://ssv.is/wp-content/uploads/2023/03/174-fundargerð-SSV.pdf>
5. 593. stjórnarfundur SASS. 3. mars 2023  
<https://www.sass.is/593-fundur-stjornar-sass/>
6. 137. fundur stjórnar Austurbrúar 24. febrúar 2023  
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2023/03/137.-stjornarfundur-24022023.pdf>

## 11. Umsagnir:

1. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
  - i. Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi frumvarp til laga um raforkulög (viðbótarkostnaður), 536. mál.  
Tillaga; stjórn samþykkir umsögn sem áður hefur verið staðfest í tölvupósti.  
Tillaga samþykkt samhljóða.

- ii. Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi frumvarp til laga um opinbert eftirlit Matvælastofnunar (samræming gjaldtökuheimilda), 540. mál.  
Tillaga; stjórn samþykkir umsögn sem áður hefur verið staðfest í tölvupósti.  
Tillaga samþykkt samhljóða.
- iii. Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi frumvarp til laga um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir (samfélagsvegir), 485. mál.  
Tillaga; stjórn samþykkir umsögn sem áður hefur verið staðfest í tölvupósti.  
Tillaga samþykkt samhljóða.
- iv. Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi þingsályktun um gerð jarðgangna milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar 95. mál.  
Tillaga; stjórn samþykkir umsögn sem áður hefur verið staðfest í tölvupósti.  
Tillaga samþykkt samhljóða.
- v. Umsögn um mál á 153. löggjafarþingi þingsályktun um aðgerðaráætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024-2028, 804. mál.  
Tillaga; stjórn samþykkir umsögn sem áður hefur verið staðfest í tölvupósti.  
Tillaga samþykkt samhljóða.

## 2. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt

- i. Innviðaráðuneyti. Umsögn í Samráðsgátt nr 33/2023 – Grænbók um húsnæðis og mannvirkjamál.  
Tillaga; stjórn samþykkir umsögn sem áður hefur verið staðfest í tölvupósti.  
Tillaga samþykkt samhljóða.

## 3. Umsagnarbeiðnir

- a. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um gerð jarðganga milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar, 95. mál.  
Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 17. mars nk.  
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/alttext/pdf/153/s/0095.pdf>  
Umsögn hefur verið send í samræmi við 11.1.iv. lið fundargerðar
- b. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd, undanþágur frá samkeppnislögum, verðjöfnunargjöld), 127. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 31. mars nk.  
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/alttext/pdf/153/s/0127.pdf>  
Tillaga um að senda ekki umsögn. Tillagan samþykkt.
- c. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um flutning höfuðstöðva Rariks ohf. á landsbyggðina, 123. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 31. mars nk.  
Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:  
<https://www.althingi.is/alttext/pdf/153/s/0123.pdf>

Tillaga um að senda ekki umsögn. Tillagan samþykkt

- d. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um gjaldtöku vegna nýtingar á vindi, sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, til raforkuframleiðslu, 26. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 17. mars nk.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/alttext/pdf/153/s/0026.pdf>

Tillaga um að senda ekki umsögn. Tillagan samþykkt

- e. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir (samfélagsvegir), 485. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 15. mars nk.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/alttext/pdf/153/s/0575.pdf>

Umsögn hefur verið send í samræmi við 11.1.iii. lið fundargerðar

- f. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála o.fl.) 735. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 15. mars nk.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/alttext/pdf/153/s/1119.pdf>

Tillaga um að senda ekki umsögn. Tillagan samþykkt

- g. Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (sameining Vinnumálastofnunar og Fjölmenningsseturs, þjónustustöðvar), 782. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 17. mars nk.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/alttext/pdf/153/s/1194.pdf>

Tillaga um að senda ekki umsögn. Tillagan samþykkt.

- h. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um eflingu barnamennningar fyrir árin 2024-2028, 804. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 24. mars nk.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/alttext/153/s/1239.html>

Umsögn hefur verið send í samræmi við 11.1.v. lið fundargerðar

#### 4. Umsagnir til skoðunar

Samráðsgátt. [Samráðsgátt | Öll mál \(island.is\)](#)

1. Nr S-49/2023 28.02.2023

Skýrsla Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi

- Tillaga um að senda ekki umsögn. Tillagan samþykkt.
2. Nr.S-64/2023 10.03.2023  
Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga  
Tillaga um að senda ekki umsögn. Tillagan samþykkt
  3. Nr.S-66/2023 10.03.2023  
Drög að hvítbók um samgöngumál og umhverfismatsskýrsla  
Tillaga um að senda umsögn, frestur er til 14. apríl n.k.. Tillagan samþykkt
  4. Nr. S-70/2023 14.03.2023  
Drög að skýrslu um aðgerðaáætlun lýðheilsustefnu  
Tillaga um að senda ekki umsögn. Tillagan samþykkt
  5. Nr.S-72/2023 17.03.2023  
Drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga (hvítbók)  
Tillaga um að senda ekki umsögn. Tillagan samþykkt.

## 12. Önnur mál.

Formaður gaf Lilju Magnúsdóttir, orðið.

Lilja kynnti umræðu í Heilbrigðisnefnd Vestfjarða um stjórnábyrgð og framkvæmd lóðahreinsunar á opnum svæðum. Hefði hún hug á leggja fram tillögu 68. Fjórðungspingi Vestfirðinga að málið yrði til umfjöllunar á 68. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti.

Til máls tóku Jóhanna, Nanný, Lilja, Sigríður og Aðalsteinn.

Í framhaldi af umræðu setti formaður fram eftirfarandi tillögu;

„Stjórn samþykkir að yfirskrift umfjöllunarefnis 68. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti, verði *Umhverfi og ímynd*. Stjórn felur Vestfjarðastofu að undirbúa þessa tillögu að efni þingsins. Þingið verði haldið á norðanverðum Vestfjörðum þann 6. og 7. október n.k.“

Tillagan samþykkt samhljóða

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.15.